# HAFNARFJÖRÐUR

# AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 verði breytt til samræmis við úrskurði óbyggðarnefndar frá 20. júní 2014.

Úrskurðarorð: Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Álftaneshrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness), sem er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar:

*Frá Húsfelli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húsfelli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadölum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell.*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands, sem er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, en ekki afréttur, er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar:

*Frá Markrakagili í Undirhlíðum er farið norðaustur að Hæstaholti á Dauðadölum. Þaðan er dregin lína til suðurs með því að tekin er stefna af Húsfelli og þeirri stefnu fylgt frá framangreindu Hæstaholti á Dauðadölum að skurðarpunkti við dæmd norðurmörk Krýsuvíkur. Frá þeim skurðarpunkti ráða norðurmörk Krýsuvíkur til vesturs að fyrrnefndu Markrakagili í Undirhlíðum.*

Landsvæðin eru samtals 2966ha og eru innan marka vatnsverndarsvæðis merkt VG1 og VF1 og marka Reykjanes- og Bláfjallafólkvangs merkt ÓB4.
Innan svæðisins er inngangur í hellinn Leiðarenda, sem hefur umtalsvert aðdráttarafl fyrir ferðamenn og umhverfis hann afmarkast 17,8ha Afþreyingar og ferðamannasvæði merkt AF4.
Sú afmörkun er að hluta til innan eldri staðarmarka Hafnarfjarðar. Breyting verður á töflum sbr. blaðsíðu 55 í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 19.apríl 2014, sem er tafla 11: Yfirlit yfir afþreyingar og ferðamannasvæði og bls. 60, sem er tafla 16: Yfirlit yfir óbyggð svæði.

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| AF1 | Víðistaðatún | 0,3 | Tjaldsvæði |
| AF2 | Hellisgerði | 1,7 | Skrúðgarður, hverfisverndað |
| AF3 | Seltún Krýsuvík | 13 | Skoðunarsvæði við hveri, gönguleiðir |
| AF4 | Leiðarendi | 21 | Hellaskoðun |
| | **Heildarstærð** | **36** | |

*Tafla 11. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannastaði*

| Merking | Heiti | Stærð km² | Lýsing |
|---|---|---|---|
| ÓB1 | Uppland Hafnarfjarðar | 80,28 | Allt upplandið |
| ÓB2 | Krýsuvík | 59 | Allt land sem ekki er skilgreint öðruvísi |
| ÓB3 | Gráhelluhraun | 0,55 | |
| ÓB4 | Þjóðlenda | 29,66 | Afréttur Álftaneshrepps hins forna |
| | **Heildarstærð** | **169,49** | |

*Tafla 16. Yfirlit yfir óbyggð svæði*

Engin áform eru um frekari mannvirkjagerð og þjónustu við Leiðarenda umfram það sem fram kemur í deiliskipulagi svæðisins.
Áhrif breytingarinnar teljast vera jákvæð, þar sem svæðin munu með þessu móti falla undir markmið Aðalskipulags Hafnarfjarðar um umhverfismál og náttúru.




FYRIR

1:15.000

## Skýringar:

| | |
|---|---|
| M | Miðbær, miðsvæði |
| VÞ | Verslunar- og þjónustusvæði |
| S | Samfélagsþjónusta |
| I | Iðnaðarsvæði |
| AT | Athafnasvæði |
| ÍB | Íbúðarsvæði |
| H | Hafnarsvæði |
| F | Svæði fyrir frístundabyggð |
| K | Kirkjugarðar og grafreitir |
| E | Efnistöku- og efnislosunarsvæði |
| ÍÞ | Íþróttasvæði |
| ÓB | Óbyggð svæði |
| AF | Afþreyingar- og ferðamannasvæði |
| | Skipulagi frestað |
| SL | Skógræktar og landgræðslusvæði |
| OP | Opin svæði |
| V | Vötn, ár og sjór |
| FS | Friðlýst svæði |
| ÖN | Önnur náttúruverndarsvæði |
| HV | Hverfisvernd (hvít yfirstrikun) |
| | Friðlýstar fornminjar |
| VB | Vatnsbólasvæði |
| VG | Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II) |
| VF | Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III) |
| VA | Öryggissvæði vegna grunnvatns |
| VA | Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997 |
| | Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2,2,6 Iðnaðarsvæði bls. 49 |
| | Sveitarfélagsmörk |
| | Stofnbrautir |
| | Stofnbraut, jarðgöng |
| | Tengibrautir |
| | Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga |
| | Mislæg gatnamót |
| | Undirgöng / brú |
| | Göngu- og hjólaleiðir |
| | Reiðleiðir |
| | Útivistarstígar |
| R | Háspennulína |
| R | Jarðstrengur |
| V | Aðveituæð vatnsveitu |
| H | Aðveituæð hitaveitu |
| F | Frárennsli |
| | Varnargarðar |
| | Þéttbýlismörk |
| R | Tengivirki |
| S | Spennistöð |

### SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: ________________

______________________________
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: ________________

______________________________

______________________________

Að hluta til byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Leyfi samkv. 31.gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr.103/2006, fyrir gjaldfrjáls gögn frá Landmælingum Íslands.

Afmörkun svæðis.




EFTIR

1:15.000

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025
ÞJÓÐLENDA INNAN STAÐARMARKA HAFNARFJARÐAR

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR
12.12.2016
ÞORMÓÐUR SVEINSSON